



158. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn, 5. apríl, 2006, kl. 12:00.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Erindi frá samgöngunefnd v. átaks í ferðamálum.

Lögð fram til umsagnar tillaga til þingsályktunar um átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi, 65. mál. Í tillögunni segir m.a. að:

“...hefja skuli stóráttak til uppbyggingar á grunnstöðum sjálfbærrar ferðaþjónustu í Norðvesturkjördæmi og verja til þess umtalsverðu fjármagni ár hvert næstu fimm árin. Samgönguráðuneyti skal skipa fimm manna faghóp sem beri ábyrgð á framgangi átaksins og úthlutunum styrkja til verkefna undir merkjum átaksins. Skal einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), einn af Fjórðungssambandi Vestfjarða (FSV), einn af Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), einn af ferðamálabraut Hólaskóla og einn skipaður af ráðherra án tilnefningar.”

Bæjarráð lýsir yfir ánægju með tillögu þessa.

2. Erindi frá samgöngunefnd v. uppbyggingu héraðsvega.

Lögð fram til umsagnar tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu héraðsvega, 310. mál. Í tillögunni segir m.a. að

“... gert skuli sérstakt áttak í viðhaldi og uppbyggingu héraðsvega sem flokkast samkvæmt vegalögum oftast undir safn- og tengivegi. Sérstaklega skal hugað að lagningu bundins slitlags á þessa vegi. Til þess verði varið a.m.k. 4 milljörðum kr. sem dreifist jafnt á næstu fimm ár. Komi sú fjárveiting til viðbótar þeim fjármunum sem ætlaðir eru þessum vegaflokkum í núgildandi samgönguáætlun”.

Bæjarráð fagnar tillögunni enda brýnt að gera áttak í þessum málaflokki.

3. Erindi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Vísað er til erindis bæjarstjóra, dags. 8. mars 2006, þar sem sótt er um framlög á grundvelli reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð sjóðsins til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Sótt er annars vegar um kostnaðarþátttöku vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við Leikskólann Barnabæ og hins vegar um framlag til þróunar og endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu. Óskað er ítarlegri upplýsinga um báða liði.

4. Erindi frá Ferðaþjónustu Húnavatnssýslu.

Bréfitari, Björn Þór Kristjánsson, f.h. Ferðaþjónustu Húnavatnssýslu ehf, óskar eftir viðræðum um þjónustusamning um rekstur tjaldsvæðisins og upplýsingamiðstöðvar á Blönduósi vegna sumarsins 2006. Þar sem auglýst hefur verið eftir rekstraraðila og umsóknarfrestur er til 19. apríl nk. er afgreiðslu frestað.



5. Gögn frá Veiðifélagi Blöndu og Svartár.

Fram lagður til kynningar ársreikningur Veiðifélagsins fyrir árið 2005 ásamt nýgerðum samningi Veiðifélagsins við Lax-á. Jafnframt er minnt á að aðalfundur félagsins verður haldinn í Dalsmynni nk. laugardag, 8. apríl kl. 13:30.

6. Erindi frá stjórn Harmonikkuunnenda Húnavatnssýslna.

Stjórn Harmonikkuunnenda sækir um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts vegna húsnæðis félagsins að Þverbraut 1 og vitnað er í 4. gr. reglna um afslátt fasteignaskatts 2006. Bæjarráð samþykkir að breyta gjaldstofni fasteignaskatts úr B í A þar sem um félagasamtök er að ræða.

7. Önnur mál.

a. Umsókn um byggingarlóð. *Sigurður Rúnar Magnússon, f.h. Drifkrafts ehf., sækir um lóð nr. 9 og 11 við Sunnubraut í Blönduósbæ. Bæjarráð samþykkir umsóknina.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:50.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)